

Mánudaginn 30. nóvember 1942.

Nr. 104/1942. **Andrés og Bjarni Blomsterberg**
 gegn
Jóni Markússyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Andrés og Bjarni Blomsterberg, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 7. desember 1942.

Nr. 106/1942. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn
Guðna Jóni Bæringssyni (Einar Ásmundsson)

Ólögleg áfengisgerð.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt sú, er kærði greiði til menningarsjóðs, verði kr. 2000.00, og vararefsing, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 50 dagar.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 175.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðni Jón Bæringsson, sæti fangelsi 3 mánuði og greiði 2000 króna sekt til menningarsjóðs, en sæti 50 daga fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um upptöku áfengis og bruggunartækja staðfestast.

Kærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttar- lögmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Einars Ásmundssonar, kr. 175.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur löggluréttar Reykjavíkur 19. júní 1942.

Ár 1942, föstudaginn 19. júní, var í lögglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara, Jónatan Hallvarðssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1356/1942: Vald- stjórnin gegn Guðna Jóni Bæringssyni, sem tekið var til dóms 9. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðna Jóni Bæringssyni verkamanni, Bjargarstig 5 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærði er kominn yfir lög- aldur sakamána, talinn fæddur 30. desember 1897 að Auðnum í Furufirði. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt refsingum í Reykjavík, sem nú skal greina:

1) 25. september 1933 dæmdur í lögglurétti Reykjavíkur í 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, og 500 kr. sekt fyrir áfengisbruggun.

2) 3. júní 1934 dæmdur í sama rétti í 30 daga fangelsi við venju- legt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

3) 29. júní 1934 dæmdur í sama rétti í 40 daga fangelsi við venju- legt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

4) 13. nóvember 1935 dæmdur í hæstarétti í 2000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 64 1930 og 30. sbr. 14. gr. laga nr. 33 1935.

5) 2. september 1941 dæmdur í lögglurétti Reykjavíkur í 60 daga fangelsi og 2500 kr. sekt fyrir brot á 6. sbr. 30. gr. áfengis- laga nr. 33 1935.

Hinn 5. júní s. l. var gerð húsrannsókn á heimili kærða, Bjarg- arstig 5, með þeim árangri, að hjá honum fundust 3 tonn af áfengisbruggi í gerjun, ein með ca. 150 lítrum og tvær með ca. 220 lítrum hvor, ein hálfflaska með fullbrugguðu áfengi, 3 mjólkur- flöskur, ein full og tvær með lög af fullbrugguðu áfengi, 6 þriggja lítra brúsar, sem heimabruggað áfengi hefur verið í, 1 fimm lítra glerbrúsi með lykt af heimabrugguðu áfengi, 36 fimm lbs dósir undan sýrópi, bruggunartæki, 40 lítra mjólkurbrúsi, eirpípa, kvartil

og rafmagnssuðutæki. Allt þetta fannst í tveim kjallaraherbergjum í húsinu, en í íbúð kærða fundust 6 hálf flöskur með fullbrugguðu áfengi, 1 heilflaska, hálf af fullbrugguðu áfengi, og 4 heilflöskur af sherry, merktu áfengisverzlun ríkisins, og var ein þeirra átekin, en á sér hafði Guðni pela með fullbrugguðu áfengi.

Atvinnudeild háskólans rannsakaði sýnishorn af áfenginu, og reyndist áfengismagn sýnishornanna 5,36%, 3,56%, 84,3% og 6,47%, allt reiknað eftir rúmmáli.

Kærði hefur játað, að hann hafi bruggað áfengi þetta og ætlað það til sölu. Hann kveðst hafa byrjað að brugga, um sex dögum áður en húsrannsóknin fór fram, og lagt þá í minnstu tunnuna, en í aðra stærri tunnuna litlu síðar og í þá þriðju sama dag og húsrannsóknin var gerð. Í laganir þessar notaði kærði syróp og ger. Gerið kveðst hann hafa búið til sjálfur á þann hátt að hræra saman soðnum kartöflum og rúgi við heitt vatn. Syrópið keypti kærði af Jason Sigurðssyni kaupmanni á Framnesvegi 15, en ekki kveðst Jason hafa vitað, til hvers kærði ætlaði að nota það.

Nokkru áður en kærði bruggaði fyrrgreint áfengi, kveðst hann hafa lagt slatta af áfengisbruggi í tunnu og verið búinn að eima það, og segir hann, að úr þeirri lögum sé það fullbruggaða áfengi, sem fannst hjá honum sama daginn og húsrannsóknin fór fram.

Kærði kveður Dagbjart Sigurðsson kaupmann hafa gefið sér sherryflöskur þær, er hjá honum fundust, og hefur Dagbjartur sagt það rétt vera.

Þá hefur kærði neitað því, að nokkur hafi verið í félagi með sér um brugg þetta eða aðstoðað sig við það, og eigi hefur upplýstst, að hann hafi verið búinn að selja nokkuð af áfenginu, er rannsókn málsins hófst.

Framan greint atferli kærða varðar við 6. gr. sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans, sem sat í gæzluvarðhaldi frá 6. til 9. júní s. l., hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði og 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framan greind bruggunartæki og hið heimabruggaða áfengi skal upptækt til menningarsjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðni Jón Bæringsson, sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði til menningarsjóðs 3000 króna sekt innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar fangelsi í 70 daga.

Framan greind bruggunartæki og áfengi skal upptækt til menningarsjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. desember 1942.

Nr. 86/1941. **Þorsteinn Sigvaldason** (Einar Ásmundsson)
gegn

Huldu Ásbjarnardóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. okt. 1941, krefst þess, að úrslit þess verði látin velta á eiði sínum og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda, sem hefur fengið gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, krefst þess hins vegar, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál. En hvernig sem málið fer, krefst málflytjandi stefndu málflytningsþóknunar sér til handa.

Blóðrannsókn hefur leitt þetta í ljós:

Stefnda er í aðalflokki O og undirflokki N. Barn stefndu er í aðalflokki A og undirflokki N. Áfrýjandi er í aðalflokki A og undirflokki N. Forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans kveður, að samkvæmt þessari niðurstöðu geti áfrýjandi verið faðir barnsins. Hins vegar er Gústav Júlíusson, sem í héraðsdómi greinir, samkvæmt vottorði, fram komnu eftir uppkvaðningu héraðsdóms, í aðalflokki O, og getur hann því ekki verið faðir barnsins. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms-